

Priðji fundur Umhverfisnefndar 2013-2014 haldinn 4. desember 2013 klukkan 9:00.

Á fundinn mættu fulltrúar nemenda: Amelía Íris, Ásgeir Örn, Vilhelm Logi, Ásgeir Marinó, Sverrir Máni, Bríet Sunna, Iðunn Kara, Sigurdís Ósk, og Ólöf Ósk Fulltrúar starfsfólks Þórunn Júlíusdóttir skólastjóri, Þórgunnur María starfsmaður og fulltrúi foreldra var Arndís Harðardóttir.

Þórunn setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Fundargerð síðasta fundar var lesin upp.

Í upphafi fundar ræddum við hvað við höfum verið að gera frá síðasta fundi.

- Umhverfisnefndin fór í heimsókn á einn vinnustað, í Klaustursbleikju og fékk góða kynningu á vinnslunni. Við bættum inn á hugtakakortið því sem við höfðum lært um staðinn s.s. því að bleikjan er slægð, flökuð og reykt og að til þess að vinna við fiskinn þarf að klæðast slopp, hárnети og plastskóm.
- Búið er að endurvinna pappír og til aðstoðar fengum við tvo yngstu bekki grunnskólans. Endurunni pappírinn verður síðan notaður til myndsköpunar fyrir myndlistarsýningu sem sett verður upp í tilefni af degi leikskólans 6. febrúar.
- Kerti voru endurunnin í byrjun desember og fengu foreldrar að taka þátt í því.

Þá var dregið fram kort af Skaftárhreppi og það skoðað.

Við skoðuðum hvar Klaustursbleikja er með bleikjueldið og hvar við sem erum í umhverfisnefndinni eigum heima. Við ræddum um hvað bæirnir okkar heita og hvaða sveit þeir tilheyra. Sumir eiga heima á Klaustri aðrir í Landbroti eða Meðalandi og en aðrir eiga heima á Síðunni eða í Skaftártungunni. Allar þessar sveitir ásamt Álftaveri og Fljótshverfi tilheyra Skaftárhreppi.

Nú eru jólin framundan með tilheyrandi undirbúningi. Við munum vinna jólaskraut úr endurvinnanlegu efni til að hengja á tréð fyrir utan félagsheimilið. Eftir jólin förum við síðan og tökum það niður svo það breytist ekki í rusl í náttúrunni. Við munum útbúa jólagjafir til pabba og mömmu og pakka þeim inn. Gjafapappírinn þetta árið eru barnasíður Morgunblaðsins sem einn afinn hefur verið ötull að safna og koma til okkar.

Við ætlum að huga að smáfuglunum og gefa þeim í vetur. Hugmynd að steypa fuglafóðri í feiti og hengja út í tré.

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið.